

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

333. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 07.04.2014, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

### Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson og Ómar Stefánsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Gestur fundarins undir lið 10 er Sóley Valdimarsdóttir.

### Tekið fyrir:

#### 1. Gas- og jarðgerðarstöð – fyrirkomulag útboða

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 6. apríl er varðar útboð á verkfræðivinnu vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna verkið áfram í samvinnu við innkaupadeild Reykjavíkurborgar í samræmi við innkaupareglur aðildarsveitarfélaganna.

#### 2. Niðurstöður skoðanakönnunar Capacent um þekkingu íbúa á gas- og jarðgerðarstöð.

Kynntar niðurstöður skoðunarkönnunar sem capacent Gallup vann fyrir SORPU dagana 13.-27. mars 2014. Kannað var „Vitund um og til gas – og jarðgerðarstöðvar“.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa kynningarefni.

#### 3. Breyting á gjaldskrá

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir tillögur að breytingum á gjaldskrá byggðasamlagsins:

##### Endurvinnslustöðvar

Eftirfarandi gjaldskrárlið verði bætt við og verði hann gjaldskyldur bæði fyrir heimili og rekstraraðila:

*1501317 Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum*

Rökstuðningur er sá að á endurvinnslustöðvum hefur sami gámur verið notaður fyrir steinefni sem eru í lægsta gjaldi inn á urðunarstað og fyrir gifs sem er sér meðhöndlað og í hæðsta gjaldflokk á urðunarstaðnum. Því eru miklar líkur á því að blandfarmar af gifsi og steinefnum lendi í dýrari flokknum því að á urðunarstað er ekki tekið á móti gifsi með steinefnum.

Ákvörðun frestað til næsta fundar.

##### Móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi

Nýjum gjaldskrárflokk verði bætt við:

*14026 Jarðvegur og uppgröftur 7,58 með vsk.*

Hefur áður farið í grófan úrgang sem greitt er fyrir 25.70 kr. m. vask á kg.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page: *KS*, *OS*, *DR*, *mln*, *BTÁ*, *PH*, *MAN*, *836*.

Verði eftirtalinna gjaldskrárliða verði breytt sem hér segir:

Vörunúmer	Vöruheiti	Er nú m. vsk.	Verður m. vsk.
14006	Gras og hey	6,09	14,86
14007	Trjágreinarnar	6,64	11,60
14009	Garðaúrgangur	26,06	14,86

Munurinn á verði vörunúmers 14006 og 14007 skýrist af mismunandi flutningskostnaðir.

Stjórn samþykkir ofangreindar breytingar á gjaldskrá móttökustöðvar..

Breytingarnar taki gildi 15. apríl næstkomandi

Urðunarstaðurinn í Álfsnesi

- a) Eftirfarandi gjaldskrárlið verði bætt við vegna móttöku á ösku í yfirlag á urðunarstaðnum:

*12139 Aska - -*

Möguleiki á sérstöku samkomulagi háð magni og endurnýtingarmöguleikum Rökstuðningur er sá flokkurinn er nýtilkominn vegna móttöku á botnösku frá Kólku.

- b) Eftirfarandi gjaldskrárlið verði breytt til samræmis við aðra samninga um móttöku á sérstökum úrgangsflokkum svo sem dekkjakurl, ösku eða tróð frá niðurrifi bíla:

*12116 Lýsishrat 12,70 m.vsk.*

og verði

*12116 Lýsishrat - - .*

Möguleiki á sérstöku samkomulagi háð magni og endurnýtingarmöguleikum

- c) Að eftirfarandi gjaldskrárliðir verði felldir niður:

*12126 Hrat/eðja 20 til 50% þurrefni*

*12127 Málningarúrgangur/ristarúrgangur 20 til 50% þe.*

- d) Heiti eftirfarandi gjaldskrárliða verði breytt:

Vnr.	Núv. vöruheiti	Nýtt vöruheiti	Verð m. vsk.
12132	Hrat/eðja >50% þe.	Þveginn ristarúrgangur	Óbreytt (12,70)
12133	Málningarúrgangur/ristarúrgangur >50% þurrefni	Ólífrænn dælanlegur úrgangur >20% þe.	Óbreytt (12,70)

- e) Eftirfarandi gjaldskrárlið verði bætt við:

*12140 Fita 12,70 kr/kg m. vsk.*

- f) Lagt er til að álagsgjald sem lagt er á ef úrgangur og/eða afhending er ekki í samræmi við móttökuskilyrði breytist úr:

*Álagsgjald: 15% af gjaldi vegna farms, að lágmarki 6.038 kr*

í

*Álagsgjald: 30% af gjaldi vegna farms, að lágmarki 35.000 kr*

Rökstuðningur vegna c, d og e er að tryggja þarf framkvæmd og eftirfylgni vegna eigendasamkomulags.

*Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page.*

Stjórn samþykkir ofangreindar breytingar á gjaldskrá urðunarstaðarins. Endurskoða skal lið f að mánuði liðnum.

Breytingarnar taka gildi 15. apríl næstkomandi.

**Fulltrúi Reykjavíkurborgar fer af fundi klukkan 9.00.**

**4. Samningur um vélavinnu í Álfsnesi**

Lagt fram og kynnt minnisblað yfirverkfræðings til framkvæmdastjóra dagsett 3.4.2014 er varðar „Þjónustu við móttöku og frágang úrgangs í Álfsnesi“. Þar er lagt til að núverandi samningur við HJ Bíla verði framlengdur í tvö ár frá byrjun september 2014 að telja. Málinu frestað til næsta fundar.

**5. Aðalfundur Metan ehf. þann 11. apríl næstkomandi**

Stjórn felur Ómari Stefánssyni að fara með atkvæði SORPU bs. á aðalfundi Metan ehf.

**6. Aðalfundur/Ársfundur SORPU bs. þann 11. apríl næstkomandi**

Kynnt að aðalfundur SORPU bs. verður í Fagralundi klukkan 14.00, föstudaginn 11. apríl.

**7. Innganga sveitarfélaga á suðurlandi í SORPU – staða viðræðna**

Formaður stjórnar kynnir stöðu málsins.

**8. Kjarasamningur Eflingar/Hlífar við SORPU**

Kynntur nýgerður kjarasamningur Eflingar og Hlífar annars vegar og SORPU bs. hins vegar sem gildir frá 1. febrúar 2014 til 30. apríl 2015. Samningurinn er í samræmi við kjarasamning Reykjavíkurborgar og sömu aðila.

**9. Bréf Samkeppniseftirlits, dagsett 13. mars 2013**

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins dagsett 13. mars 2014 er varðar: Kvörtun Gámaþjónustunnar hf. vegna ákvörðunar SORPU bs. um að afnema afslætti. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

**10. Kynning á niðurstöðum könnunar Capacent á flokkun og endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu.**

Sólveig Valdimarsdóttir starfsmaður capacent GALLUP kynnir könnun sem unnin var í mars 2014 fyrir SORPU bs.. „Flokkun úrgangs og endurvinnsla á höfuðborgarsvæðinu“.

**11. Svar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna fyrirspurnar um kostnaðarmat á lagabreytingu**

Lagt fram bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 6. mars 2014 sem er svar við ósk SORPU um upplýsingar um kostnaðargreiningu á frumvarpi til nýrra laga á sviði úrgangsmála. Framkvæmdastjóri mun óska eftir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga á næsta fund.

**12. Bréf Íslenska gámafélagsins til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál**

Lagt fram bréf Íslenska Gámafélagsins til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál dasett 28. október 2013 er barst SORPU 28. mars 2014 er varðar: Kæra gámafélagsins ehf., til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

ÖS  
PK  
BTA

KS  
MH

AP  
SFB.

MAN  
BTA

**13. Erindi „Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs“**

Lagt fram bréf frá Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs dagsett 20. mars 2014 er varðar: Vistvangur og staðarval gas- og jarðgerðarstöðvar fyrir höfuðborgarsvæðið. Erindinu vísað til SSH.

**14. Staða starfsleyfis í Álfsnesi**

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 5. maí 2014 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10.25.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Margrét Grava Magnúsdóttir

Ómar Stefánsson

Jón M.

Bjarni Tarsfi

Halgrímur Láruson

Katla S.

Bjarni Hjartv.

Ólafur Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson